

Snæfellsbær  
Valgerður Hlín Kristmannsdóttir  
Klettsbúð 4  
360 Snæfellsbær

Reykjavík, 23. október 2024  
UST202410-093/A.B.  
10.04.02

## Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015 - 2031 - Dalbrekka

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Snæfellsbæjar er barst 10. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015 - 2031 í Dalbrekku.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að vaxtarmörk þéttbýlismarkna færast og íbúðabyggð stækkar, skilgreindur er nýr landnotkunarreitur undir íbúðabyggð sem fær heitið ÍB-5, athafnasvæði AT-2 breytist úr 4,7 ha í 0,9 ha, athafnasvæði AT-3 stækkar úr 0,3 ha í 0,8 ha, íþróttasvæði ÍP-3 breytist úr 4,3 ha í 3,6 ha og OP 0,6 ha, verður áfram grænt svæði í deiliskipulagi. Stærð svæðisins sem er til endurskoðunar eru 12,6 ha.

Umhverfisstofnun bendir á að fjalla þarf um hversu mikið óbyggt svæði minnkar.

### Umhverfisáhrif

#### Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist það *Utanvert Snæfellsnes*.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi áhrif tillögunnar á ásýnd svæðisins og hvort að tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja.

#### Vistgerðir og fuglalíf

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðirnar lyngmóavist á láglendi<sup>1</sup> og gulstararflóavist<sup>2</sup> sem hafa hátt og mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í lyngmóavist á láglendi og gulstararflóavist getur verið ríkt fuglalíf. Algengt er t.d. að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfuttlingur (*Anthus pratensis*), jaðrakan (*Limosa limosa*), stelkur (*Tringa totanus*) og óðinshani (*Phalaropus lobatus*) nýti slíkar vistgerðir til varps.

<sup>1</sup> <https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/land/lyngmoavist-a-laglendi>

<sup>2</sup> <https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/land/gulstararfloavist>

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll, spói, jaðrakan og stelkur eru ábyrgðartegundir Íslands.<sup>3</sup>

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna og mótvægisáðgerðir.

### Vatn

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem tillagan geti haft áhrif á vatn þarf að fjalla um áhrif tillögunnar á vatn í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027<sup>4</sup> í greinargerð. Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árosavatn, strandsjó, lón og jökla).

Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Jafnframt kemur fram að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsins á vatnshlot þar sem það á við (þar sem fyrrséð er álag á vatn).

Til að leyfisveitendur geti tryggt að leyfi séu í samræmi við lögin og þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun þarf að liggja fyrir mat á áhrifum framkvæmdarinnar á viðkomandi vatnshlot sem leyfisveitandi tekur afstöðu til í leyfisveitingarferlinu. Framkvæmdaraðili þarf að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þá gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir þau vatnshlot sem um ræðir til að meta hvort framkvæmdirnar munu valda því að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum. Sjá nánar á vefsíðu stjórnar vatnamála.<sup>5</sup> Slíkt áhrifamat skal m.a. innihalda upplýsingar um:

- Vatnshlotið sem um ræðir, núverandi ástand þess og umhverfismarkmið.
- Áhrif vegna framkvæmdarinnar og hvernig hún hefur áhrif á gæðapætti sem eru notaðir til að ástandsmeta vatnshlotin (sjá töflu á vefsíðu stjórnar vatnamála<sup>6</sup>). Ef greind eru líkleg neikvæð áhrif, bein eða óbein, á gæðapættina vegna framkvæmdarinnar þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna.

<sup>3</sup> <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/forgangstegundir-fugla>

<sup>4</sup> <http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/vatnaaetlun-2022-2027/>.

<sup>5</sup> [Umhverfisstofnun | Stjórn vatnamála](#)

<sup>6</sup> [Umhverfisstofnun | Vöktunaráætlanir og skipulagning vöktunar \(vatn.is\)](#)

- Mat á því hvort framkvæmdin valdi því að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlotin náist ekki.
- Hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif (þ.e. ef kemur í ljós að umhverfismarkmiðin nást ekki).
- Samlegðaráhrif allrar starfsemi (núverandi og fyrirhugaðri) sem hafa eða geta haft áhrif á vatnshlotið.

Einnig bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að framkvæmdaraðilar séu upplýstir um að ítarlegra áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en leyfi fyrir framkvæmdir og/eða starfsemi er veitt. Þau framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið gefur út þurfa að vera í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og lög um stjórn vatnamála.

Umhverfisstofnun bendir á að ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun á vatnshloti skv. 18. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála getur framkvæmdaraðili óskað eftir heimild stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti.

### Fráveita

Í aðalskipulaginu þarf að gera ítarlega grein fyrir fráveitumannvirkjum og þeim umbótum sem nauðsynlegar eru.

Samkvæmt stöðuskýrslu um fráveitumál árið 2022<sup>7</sup> er engin hreinsun á fráveituvatni frá þéttbýlinu Ólafsvík sem er ekki í samræmi við kröfur laga og reglugerða. Mikil umhverfismengun hlýst af óhreinsaðri fráveitu. Þéttbýlið Ólafsvík losar 3.195 persónueiningar af skólpi (íbúar, gestir og atvinnulíf) og skal því samkvæmt ákvæði í 24. gr. vera með viðeigandi hreinsun sem heilbrigðiseftirlit metur fullnægjandi og uppfyllir gæðamarkmið fyrir viðtaka sbr. I.-III. Viðauka, fylgiskjal I og ákvæði 7. gr. í reglugerð nr. 798/1999.

Í fráveituvatni í dag er ekki eingöngu lífrænt efni heldur einnig t.d. rusl, lyfjaleifar og örplast og því gríðarlega mikilvægt að gera úrbætur sem fyrst.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu fráveitna í sveitarfélaginu. Í þéttbýli skal sveitarfélag koma á fót og starfrækja sameiginlega fráveitu. Reglugerð nr. 798/1999 setur fram kröfur um hreinsun á fráveituvatni.

Gera þarf ítarlega grein fyrir fráveitumannvirkjum í skipulagsáætlunum sveitarfélagsins og þeim umbótum sem nauðsynlegar eru. Sérstaklega í ört stækkandi þéttbýli þar sem veiturnar þurfa að fylgja eftir auknum fjölda íbúa. Frestur til að koma á hreinsun á fráveituvatni skv. reglugerðinni rann út árið 2005 og því skiptir miklu máli að slá ekki mikilvægum umhverfisumbótum enn frekar á frest.

---

<sup>7</sup> [https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Stoduskyrsla\\_fraveitumala\\_2022\\_2.pdf](https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Stoduskyrsla_fraveitumala_2022_2.pdf)

### *Blágrænar ofanvatnslausnir*

Samhliða uppbyggingu í sveitarfélaginu og úrbótum á eldri fráveitukerfum er mikilvægt að aðskilja regn- og skólþvatn til að minnka umfang fráveitunnar. Því telur Umhverfisstofnun jákvætt að sjá áætlanir um blágrænar ofanvatnslausnir í skipulaginu.

Umhverfisstofnun hvetur sveitarfélagið til að skoða blágrænar ofanvatnslausnir eða aðrar náttúrulegar lausnir fremur en að veita ofanvatni í fráveitu sveitarfélagsins. Of mikið aðkomuvatn í fráveitukerfi eykur kostnað við fráveituhreinsun og þyngir reksturinn. Hægt væri að gera ráð fyrir hreinsivirki sem er minna umfangs ef ofanvatni væri komið í annan umhverfissvænni farveg. Þá skal auk þess vekja athygli á því að mikill hluti rusls kemur með ofanvatni og því þarf að gera ráð fyrir hreinsun á því, t.d. með settjörnum í stað hreinsivirkis.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

***sérfræðingur***

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

***sérfræðingur***